

**Mál nr. 285/2020****M og  
V v/ sjúklingatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna læknismeðferðar við hryggskekkju.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.8.2020, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.  
Bréf V, dags. 8.10.2020.

**Málsatvik.**

M var í meðferð hjá bæklunarskurðlæknum A vegna hryggskekkju frá júlí 2000, er hún var 10 ára gömul, til nóvember 2005. Árið 2005, er M var orðin 16 ára og hætt að vaxa, var talið að úr því myndi hryggskekkjan ekki versna og talið óhætt að útskrifa hana án frekara eftirlits. Í janúar 2016 fór M í myndatöku af hryggnum og kom þá í ljós að hryggskekkjan hafði aukist úr 45° í 55°. Kveður M að A hafi ekki lagt neit til vegna þessarar breytingar svo sem að hún ætti að fara í aðgerð. Í kjölfarið leitaði M til bæklunarskurðlæknisins B sem lét taka mynd af hryggnum í nóvember 2017 en þá hafi hryggskekkjan verið komin í 58°. Gekkst M undir aðgerð hjá B 2. maí 2018. Eftir aðgerðina var M óvinnufær í sex mánuði og hækkaði um 4 cm.

M kveðst hafa fengið ranga og villandi meðferð hjá A. Meðal annars hefði átt að spengja hana strax á árinu 2006 er hún var með 45° skekkju. Jafnframt hafi verið rangt að útskrifa hana árið 2006 í ljósi þess að hryggskekkjan hélt áfram að aukast. Á árunum 2002 til 2018 hafi hún alltaf verið með seyðing í baki og verk í mjóbbaki, höfuðverk, vöðvabólgur o.fl. sem hafi takmarkað getu til vinnu og að sinna áhugamálum. Hefði A átt að senda hana í aðgerð strax á árinu 2016. Hefur M krafist bóta úr sjúklingatryggingu A hjá V. Til stuðnings kröfu sinni hefur M einkum vísað til greinar í dagblaði á árinu 1996 þar sem fjallað var um aðgerð á hrygg sem A framkvæmdi hjá ungri stúlku, svo og til bréfs B, dags. 16. júní 2020. V hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklunga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt rétt til bóta samkvæmt lögnum. Nánar greinir í 2. gr. laganna um skilyrði þess að slíkur réttu geti stofnast. Samkvæmt þeirri lagagrein skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til einhvers eftirtalinna atvika:

1. Ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.
2. Tjón hlýst af bilun eða galla í tæki, áhöldum eða öðrum búnaði sem notaður er við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð.
3. Mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem völ var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings.
4. Tjón hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Annars vegar skal líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Engin mats- eða álitgerð liggur fyrir, svo sem matsgerð dómkvaddra matsmanna sýnir fram á að M hafi orðið fyrir tjóni sem að öllum líkindum megi rekja til einhverra þeirra atvika sem tilgreind eru í 1. til 4. tölulið 2. gr. laganna. Í þessu efni dugir ekki sem sönnunargagn tilvísun í blaðagrein fyrir tæpum 25 árum varðandi tiltekna aðgerð sem A framkvæmdi. Ekkert kemur heldur fram í bréfi B frá 16. júní 2020 sem bendir til að þau sjúkdómseinkenni sem M býr við megi rekja til þeirra atvika eins og lýst er

í 2. gr. laganna. Að öllu virtu verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni sem telst bótaskyld á grundvelli laganna um sjúklingatryggingu. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 3. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.